

## **15. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.**

Haldinn miðvikudaginn 3. febrúar kl. 17:00 í fjarfundi.

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri og Jón G. Eiríksson sátu einnig fundinn

### **Dagskrá:**

- 1. Sameiginlegt sorpútboð Uppsveita.**
- 2. Drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs.**
- 3. Drög að breytingum á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis.**
- 4. Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar.**

#### **1. Sameiginlegt sorpútboð Uppsveita.**

Formaður og sveitarstjóri kynntu málið. Taka þarf ákvörðun varðandi framhaldið á ferlinu. Búið er að vinna mikla greiningarvinnu og hvaða kostir og gallar felast í því að fara í samræmt útboð. Umhverfisnefnd samþykkir að fara skuli í 4-ra tunnu flokkunarkerfi þar sem ein tunna er fyrir lífrænt, ein fyrir plast, ein fyrir pappa og pappír og ein fyrir blandaðan úrgang. Umhverfisnefnd leggur jafnframt til að farið verði í samræmt flokkunarkerfi og útfærslur hjá sveitarfélögunum eins mikið og kostur er en telur rétt að Hrunamannahreppur standi sér að sjálfu útboðinu á sorphirðunni. Samhliða því að farið sé í útboð skal unnið að innleiðingu á samnorrænu merkjakerfi fyrir úrgang (FENÚR).

#### **2. Drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs.**

Málið lagt til kynningar.

#### **3. Drög að breytingum á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis.**

Málið lagt til kynningar.

#### **4. Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar.**

Málið lagt til kynningar. Nefndin er jákvæð með að fundin verði leið til að nýta betur sorpið sem er jákvæð fyrir kolefnisspor landsins.

Fundi slitið 18:18